

29. júlí 2008

**Afkoma Vinnslustöðvarinnar hf.
rekstrartímabilið 1. janúar 2008 - 30. júní 2008**

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. samþykkti í dag uppgjör félagsins fyrir fyrstu sex mánuði rekstrarársins. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

- Tap var á rekstrinum á tímabilinu að upphæð 950 milljónir króna. Er það mikil breyting frá í fyrra þegar hagnaður var fyrstu sex mánuði ársins að upphæð 1.116 milljónir króna.
- Heildartekjur félagsins voru 3.857 milljónir króna og hækkuðu um 16% frá sama tímabili í fyrra. Rekstrarekjur fiskvinnslu jukust um rúm 11% en tekjur útgerðar lækkuðu lítillega. Rekstrargjöld jukust um líðlega 22%. Jukust rekstrargjöld í útgerðardeildum en lækkuðu í fiskvinnsludeildum.
- Framlegð félagsins (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) nam 968 milljónum króna og var nánast sú sama og á sama tímabili á fyrra ári. Framlegðarhlutfall lækkaði úr 28,9% í fyrra í 25,1% í ár.
- Veltufé frá rekstri nam 892 milljón króna og var 23% af rekstrartekjum, jókst hlutfallið um 6% frá sama tímabili í fyrra.
- Afskriftir hækkuðu um rúmar 7 milljónir króna frá fyrra ári og voru 219 milljónir króna.
- Tekjur Hugins ehf., hlutdeildarfélags Vinnslustöðvarinnar, voru 525 milljónir króna en 434 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Framlegð félagsins á tímabilinu var 114 milljónir króna. Tap félagsins eftir skatta nam 395 milljónum króna en gengistap félagsins nam 418 milljónum króna. Hagnaður var á rekstri félagsins að upphæð 127 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í tapi Hugins ehf. nam 190 milljónum króna.
- Tekjur About Fish ehf., hlutdeildarfélags Vinnslustöðvarinnar, voru 616 milljónir króna og framlegð þess 17 milljónir króna. Tap félagsins eftir skatta nam 7 milljónum króna og var hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í því tapi rúmlega 3 milljónir króna.
- Í lok þessa uppgjörstímabils festi Vinnslustöðin kaup á 35% hlutafjár í félaginu Ufsabergi-útgerð ehf. sem gerir út togskipið Gullberg VE-292. Eignarhluturinn í félaginu er færður meðal eigna Vinnslustöðvarinnar en ekki hefur verið færð hlutdeild í hagnaði/tapi þess.
- Niðurstaða fjármagnsliða félagsins var neikvæð um 1.709 milljón króna á fyrstu sex mánuðum 2008, þar af nam gengistap langtímalána félagsins 1.614 milljónum króna. Á sama tímabili í fyrra voru fjármagnsliðir jákvæðir um 530 milljónir króna.
- Reiknaður tekjufærður tekjuskattur á tímabilinu var 203 milljónir króna.
- Félagið stendur að rannsóknar- og þróunarvinnu við veiðar og vinnslu á humri. Lítil kostnaður hefur fallið til vegna rannsóknaverkefnanna.

Heildarskuldir og skuldbindingar félagsins hækkuðu um 2.301 milljónir króna frá upphafi árs til júníloka og eru 8.530 milljónir króna. Aukningin er að stórum hluta tilkomin vegna veikingar íslensku krónunnar á tímabilinu en langtímaskuldir félagsins eru að mestu leyti í erlendum myntum. Nettóskuldir eru 5.792 milljónir króna en þær voru 4.055 milljónir króna í lok síðasta árs; jukust því um 1.737 milljónir króna.

Eigið fé lækkaði frá áramótum um 1.401 milljónir króna og er 1.219 milljónir króna eða 12,5% af heildarefnahag. Lækkun varð á eigin fé á tímabilinu, annars vegar vegna taps tímabilsins að upphæð 950 milljónir króna og hinsvegar vegna útgreiðslu arðs að upphæð 451 milljón króna.

176 milljóna króna hagnaður á öðrum ársfjórðungi

Á öðrum ársfjórðungi, þ.e. frá 1. apríl til 30. júní 2008, voru tekjur Vinnslustöðvarinnar 2.234 milljónir króna og rekstrargjöld 1.636 milljónir króna. Framlegð tímabilsins var því 598 milljónir króna eða 26,8% af tekjum. Hlutdeild félagsins í tapi hlutdeildarféлага nam 32 milljónum króna. Fjármagnsliðir voru

neikvæðir um 238 milljónir króna. Hagnaður tímabilsins var því 176 milljón króna. Á sama tímabili í fyrra var framlegð 371 milljónir króna og hagnaður af rekstri 351 milljónir króna.

Rekstrarhorfur á árinu

Rekstrarhorfur það sem eftir er ársins eru ágætar. Veik króna og hátt afurðaverð flestra afurða félagsins, einkum mjóls og lýsis, vekur vonir um að afkoma á seinni hluta ársins verði ágæt. Veiðar uppsjávarskipa félagsins hafa gengið vel og makrílveiði er góð búbot. Hækkandi verð ýmissa aðfanga vinnur á móti ávinningi af gengisfalli krónu. Hátt olíuverð vegur þungt í rekstri félagsins og hefur neikvæð áhrif auk þess sem áhrifa minnkandi eftirspurnar er tekið að gæta, einkum í dýrari afurðaflokkum.

Mikill óróleiki á gjaldeyrismarkaði hefur afgerandi þýðingu um afkomu á síðari helmingi rekstrarársins. Frekari veiking mun að sjálfsögðu leiða til lakari afkomu en styrking leiða til minna taps á árinu.

Frekari upplýsingar:
Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri
í sínum 488 8004 og 897 9607